

# Dalalæðjan

1. tbl. 23. árg., 29. janúar 2010



Um síðustu jól fagnaði Kvenfélag Lágafellssóknar aldarafmæli sínu og er þessi ljósmynd birt af því tilefni. Hér eru kvenfélagskonur staddir í samsæti í Reykjavík seint á 6. áratugnum heima hjá mæðgunum Mörtu Mariu Hálfdanardóttur og Láru Skúladóttur Norðdahl frá Mosfelli. Á bls. 4 er skýringarmynd þar sem birt eru nöfn þeirra kvenna sem þekktar eru á myndinni.

## Adalfundur Víghóls

verður haldinn í golfskálanum Bakkakoti  
mánudaginn 15. febrúar og hefst kl. 20.00

Dagskrá:

Ársskýrsla fráfarandi stjórnar

Reikningar liðins starfsárs

Kosning stjórnar og endurskoðanda

Lagabreytingar

Önnur mál

Stefnt er að því að gestir fundarins verði fulltrúi frá Vegagerðinni sem mun fjalla um Þingvallaveginn og aðra vegi á hennar ábyrgð í Dalnum.

Fjölmennum!

Stjórnin

# Útvistarsvæði Mosfellsbæjar

Sú var tíðin að orðið útvist var framandi orð í íslenskri tungu og samneytið við náttúruna bundið við dagleg störf og svonefnt hagnýtt gildi. Fjöll voru jafnvel talin ljót nema þar væru beitarhagar fyrir sauðfé.

En nú er öldin önnur. Viðhorf til umhverfismála og útvistar hafa gjörbreyst svo nú er vart vinnandi vegur að gefa kost á sér í prófkjöri nema áhugamálin séu „útivera með fjölskyldunni“ eða „fjallgöngur, golf og önnur útvist“.

Samfara þessu breytta viðhorfi og vaxandi ferðamennsku hefur aðgengi að náttúrunni stórbatnað, landið hefur verið kortlagt í orðsins fyllstu merkingu, gönguleiðir stikaðar og upplýsingagjöf færst í aukana.

Mosfellingar búa við mikil náttúrugæði því í þeirra heimabyggð er hvarvetna örstutt í óspillta

náttúru bar sem hægt er að finna fjöldann allan af sögulegum minjum. Á umliðnum árum hafa leiðir verið merktar í sveitarfélagini og heimamenn og gestir notið þess óspart.

Nú er sérstök ástæða til að vekja athygli á því að hafið er stóratak í merkingum og aðgengi á útvistarsvæðum Mosfellsbæjar. Er þar um að ræða samvinnuverkefni sveitarfélagsins og skátafélagsins Mosverja. Gefið hefur verið út sérstakt gönguleiðakort og ætlunin er að setja upp fræðsluskilti við gönguleiðirnar sem liggja meðal annars umhverfis Hafnafatl og um Reykjafell. Í Mosfellsdal verða einnig merktar gönguleiðir, bæði um Mosfell og Grímannsfell. Öll þessi vinna mun auka gildi útvistar í Mosfellsbæ og æ fleiri geta notið hinnar óspilltu náttúru bæjarins.

## Dalalæðan

1. tbl. 23. árg. 29. janúar 2010

Útgefandi: Íbúasamtíkin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot og umsjón: Rafn Jónsson. Prentun: Prenttorg.  
Dalalæðan er prentuð í 150 eintökum. Blaðið er borð út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brotfluttra Dalbúa.

|                                                                           |                                                                 |  |
|---------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------|--|
|                                                                           | <b>Merkisafmæli á<br/>árinu 2010</b>                            |  |
| <b>85 ára</b><br>Guðrún Tómasdóttir, Brennholti,<br>13. apríl             | <b>40 ára</b><br>Hjalti Skúlason frá Röðli,<br>15. janúar       |  |
| <b>80 ára</b><br>Skúli Skarphéðinsson, Röðli,<br>18. desember             | Sigurður Gunnarsson,<br>Hraðastaðavegi 15 (Borg), 4.<br>febrúar |  |
| <b>75 ára</b><br>Herdís Gunnlaugsdóttir,<br>Helgadal, 22. febrúar         | Birta Jóhannesdóttir, Skuld,<br>11. febrúar                     |  |
| <b>Marta María Hálfdanardóttir</b> frá<br>Mosfelli, 3. apríl              | Erlingur Erlingsson frá<br>Reykjadal, 2. maí                    |  |
| <b>60 ára</b><br>Helga Rósia Ragnarsdóttir,<br>Norður-Reykjum, 5. febrúar | Jóhanna Kjartansdóttir,<br>Hraðastaðavegi 15 (Borg), 5. júlí    |  |
| Rúnar Jakobsson,<br>Norður-Reykjum, 4. maí                                | Helgi Már Karlsson, Hlöðunni,<br>6. ágúst                       |  |
| Auður Eiríksdóttir, Laugabóli,<br>17. júlí                                | Tryggyi Sch. Thorsteinsson frá<br>Árvangi, 8. september         |  |
| Grímhildur Hlöðversdóttir frá<br>Hraðastöðum, 29. október                 | Una Björk Ómarsdóttir frá<br>Laugabóli, 1. október              |  |
| Kolbrún Ólafsdóttir, Brávöllum,<br>21. desember                           | Ragna Fróðadóttir frá Dalsgarði,<br>26. desember                |  |
| <b>50 ára</b><br>Halldór Þorgeirsson, Melkoti, 25.<br>janúar              | Hólmfríður Ólafsdóttir, Hrísbrú,<br>28. desember                |  |
| Bára Sigurðardóttir frá<br>Reykjadal, 16. júní                            | <b>Dalalæðan óskar<br/>þessu ágæta fólki til</b>                |  |


# Med stuttum fyrirvara

Hljómsveitin Með stuttum fyrirvara var stofnuð fyrir uppskeruhátið grænmetismarkaðarins haustið 2008. Nonni í Mosskóum hringdi í miklum vandræðum á föstudagskvöldi í Hlyn, vantaði hljómsveit daginn eftir. Hlynur hóðaði í nokkrá mísíkalska vini sína, þannig að sveitin ber nafn með rentu, var stofnuð með mjög stuttum fyrirvara. Stofnendur hljómsveitarinnar eru:

Hlynur Þórisson, rafmagnsgítar og söngur, Guðmundur Hreinsson, kassagítar og söngur, Jón Bjarni Jónsson, bassi, og Guðmundur Þór Gunnarsson, trommur. Seinna bættist við Jóhann Þór Jóhannesson (Tóti í Dalsgarði) söngvari með meiru (vantar á myndina) og nýverið byrjaði Ævar Sigdórsson söngvari í sveitinni. Hljómsveitin hefur spilað á margs konar uppákomum og tekur núna



## Nöfn kvenfélagskvennanna á forsíðunni



1. Halldóra Jóhannesdóttir Mosfelli, 2. Marta Maria Hálfdanerdóttir frá Mosfelli, 3. Kristianna Jessen Borg, 4. Lára Skuladóttir frá Mosfelli, 5. Kristín Ármadóttir Varmalandi, 6. Guðbjörg Kristjánsdóttir Reykjadal, 7. Ellsabet Þórbardóttir frá Varmadal, 8. Þóra Höskuldsdóttir Felli, 9. Helga Sigurðardóttir Hrafnhólum, 10. Guðrún Fríðrika Guðmundsdóttir, 11. Jórunn Halldórsdóttir frá Bringum, 12. Ingeborg Sigurðsson, 13. ?, 14. Valgerður Guðmundsdóttir Seljabakku, 15. Guðróna Benediktsdóttir Norður-Reykjum, 16. ?, 17. ?, 18. Bjarnheiður Guðjónsdóttir Seljabakku, 19. Sigríður Þórmundardóttir Meltni, 20. Ingveður Árnadóttir Efra-Hvöll, 21. ?, 22. Jóna Þorbjarnardóttir á Úlfarsá, 23. Jensine Magnússón Árvangi, 24. Oddný Helgadóttir Ókrum, 25. ?, 26. Síðava Eliasdóttir Viðgerði, 27. Kristín Þór

Blómvangi, 28. Þorvaldina Magnúsdóttir Hraðastöðum, 29. Ingibjörg Jósefsdóttir Reykjavílum, 30. Anna Steingrimsdóttir Helgafelli, 31. Anna Jónasdóttir frá Álfsnesi, 32. Freyja Norðdahl Reykjavík, 33. Helga Magnúsdóttir Blíkastöðum, 34. Málfríður Bjarnadóttir Reykjunum, 35. Ingibjörg Petursdóttir Reykjunum, 36. Birta Fróðadóttir Dalsgarði, 37. Auður Svensdóttir Gjúfrasteini, 38. ?, 39. Ragnhildur Guðmundsdóttir Dælustöðinni, 40. Ásdís Einarsdóttir Dælustöðinni, 41. Ólaffi Andrésdóttir Laugabóli, 42. Salome Þorkelsdóttir Reykjahlíð, 43. ?, 44. Hólmsfríður Guðvarðardóttir Grund, 45. Ingigerður Sigríðardóttir Reykjalandi, 46. Hilf Gunnlaugsdóttir Æsustöðum, 47. Áslaug Ásgeirsdóttir Dælustöðinni.

# Kvenfélagit Dalalæðurnar



Þriðjudaginn 19. janúar 2010 komu 23 konur úr Mosfellsdal saman í baðstofunni í Reykjadal og stofnuðu kvenfélagit Dalalæðurnar. Markmið félagsins er að auka kynni kvenna í Dalnum og efla samskipti Dalbúa. Stefnt er að því að standa fyrir ýmsum uppákomum og mannfögnum og að láta félagið gott af sér leiða. Aðsetur félagsins verður í Reykjadal, þökk sé Vilmundi framkvæmdastjóra STLF (Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra).



Stjórn hins nýstofnaða kvenfélags.

Í stjórn kvenfélagsins voru kosnar: Formaður: Guðrún Karlssdóttir (Gógó), Sigtúni, gjaldkeri: Guðný Brynjólfsdóttir, Víðibakka, ritari: Svava Björk Ásgeirsdóttir, Víðigerði, rótari: Jóna María Kristjónsdóttir, Hraðastaðvegi 11.

Framhaldstofnfundur verður haldinn þann 23. febrúar, 2010, kl. 20:00 í Reykjadal og þar verða lög félagsins borin upp til atkvæða.

Allar konur í Mosfellsdal velkomnar!

## Sjáumst hress á borrablótinu!

# Fyrsti bíllinn í Mosfellsdal

Í Morgunblaðinu hinn 19. september 1915 er sagt frá bílferð um Mosfellsdal og var það að öllum líkendum í fyrsta skipti sem bifreið var ekið um Dalinn. Þá lá enginn akvegur eftir miðjum dalnum, líkt og nú á dögum, en í umræddri ökuferð var haldið upp með Koldukvísl. Frásögnin er undirrituð með fangamarkinu M.P. en þar var sennilega um að ræða séra Magnús Þorsteinsson sem var prestur á Mosfelli á arunum 1904–1922. En hér kemur frásögnin um hina sögulegu ökuferð:

„Viða liggja vegamót og ókunnug stigu kannar í ár margur maðurinn og verður mörgum að horfa á margt og hlusta eftir ýmsu, sem nú gerist á þessari miklu öld. Svo fór okkur í dag, sem búum hér inn í milli fellanna í Mosfellsdalnum, er við sáum og heyrðum bíl renna hér inn eyrarnar og yfir vööin hvað eftir annað, eins og bát í góðum byr. Það var nýlunda, en verður ekki í síðasta sinni – ísinn braut dýralæknirinn okkar með frú og börn og fólk í berjaheiði – hér innum er krökt af berjum, bláberjum, kræki-berjum og nokkuð af hrútaberjum – og bíllinn rann inn undir Laxnes og þar er talsímastöð og beztí bær, eins og oft er sagt í daglegu tali og allir vita hvað í felst.

– Styttr það æði för ferðamanna á Bingvelli og frá að fara hér um, sýnist hálfnað á Mosfelli, sjónhending eftir Thoroddsens korti, en munar þrem fjórðu



Gaml og nýj tíminn mælast. Að öllum líkendum var bifreið fyrst ekið um Mosfellsdal árið 1915 en þessi mynd er tekin tæpum tíu árum síðar á Hafnarfjardarvegi, skammt frá Öskjuhlíð. Það þótti tilsvert ferðalag að fara á milli á Reykjavíkur og Hafnarfjörðar í þá daga en hvað ætti að kúnun finnist um þetta stórskrýtna farartæki?

stundar um venjulega leið „um þura og vatnslausa staði“, að sveitarbaki. – Það var óheppilega fundin leið til hins sagnauðga staðar, sem Reykvíkingar og ferðamenn sækja mjög.

Farið er af þjóðveginum norðvestanhalt undan Helgafelli, inn Ása og eyrar, og tekur þá við fjallvegur um Bringur, er aka má eftir, og kemur maður þá á heiðarveginn norðanhalt undan Borgarhlóum, og er fagurt útsýni nær manni og fjær.

Vel sé brautryðjendunum, – en batna þurfa vegir síðar!

14. september 1915.  
M.P.“

HROSSARÆKTUNARBÚIÐ

ÓLAFSHAGI



...Á HORNINGU

SS GÍSLASON  
VIÐGERÐIR ehf.  
Völuteigi 25

# Gamlar götur



Gömul reiðleið séð frá Háamel niður í Mosfellsdal.

Fyrrum lá aðalleiðin frá Reykjavík austur á Þingvöll upp frá botni Grafarvogs, þvert yfir vestanverðan hálsinn hjá Keldum, framhjá Korpúlfstöðum og áfram meðfram ströndinni. Oftast var farið framhjá Varmárbænum og inn með Köldukvísl, nokkurn veginn þar sem enn liggur reiðgata inn í Mosfellsdal. Þar greindust leiðir, var ýmist farin nyrðri leiðin að Skeggjastöðum, upp með Leirvogsá og framhjá Stardal eða um svonefnda Bringnaleið. Þá var farið inn með Grímannsfelli að norðanverðu og áfram austur Mosfellsheiði.

Önnur þjóðleið lá inn Seljadal, upp Háamel vestan við Borgarhóla og áfram þvert yfir norðanverða Mosfellsheiði í átt að Ferðamannahorni, austarlega á heiðinni. Á árunum 1890-1896 var Gamlar Þingvallavegurinn lagður um Seljadalsbrúnir, nýtt saeluhús var byggt við veginn og brýr, ræsi og vörður reistar.

Má enn sjá merki þessa mannvirkis en mikil hefur vegur þessi látið á sjá, meðal annars végna jeppamanna sem í góðri trú telja í lagi að aka þessa leið. Hefur hún stórspillst á löngum köflum.

Árið 1910, eða fyrir réttri öld síðan, hóf Guðjón Helgason, vegavinnuvektjóri og bóndi í Laxnesi, að leggja veg upp frá Laxnesbænum austur að Bringum og áfram að gamla Þingvallaveginum. Frá þessu segir Jónas Magnússon í Stardal í mjög vel ritaðri grein um Laxneshjónin, foreldra Halldórs Laxness. Birtist hún upphaflega í *Lesbók Morgunblaðsins* fyrir rúnum 40 árum en var endurbirt í ritgerðasafni Jónasar sem kom út árið 2004. Jónas segir meðal annars í grein sinni: „Leiðin var hugsuð sem reiðvegur frá Reykjavík austur til Þingvalla eða að austan, varð vinsæl leið og stytти vegalengdina til muna. Varð þessi leið allgreiðfær fyrir hestvagna. Var unnið að þessum vegarbótum næstu sumur [eftir 1910] við að leggja upphleyptan veg yfir blautar myrárnar, malarbera hann, en ryðja holt og þurra móa og brúa vatnsrásir og skurði.“

Fyrir alþingishátiðina á Þingvöllum árið 1930 var ráðist í nýja vegalagningu yfir Mosfellsheiði, á svipuðum slóðum og akvegurinn til Þingvalla liggur núna. Við það minnkadí þörfin fyrir Gamla Þingvallaveginn og veginn sem Guðjón í Laxnesi létt leggja. Þann veg mætti vel nefna Guðjónsgötu og sést ennþá móta vel fyrir honum ofan við Gljúfrastein þar sem hann liggur upp í Bringur. Er full ástæða til að vekja athygli á vegi þessum og halda honum til haga.

Guðjón Jensson

**Nýsmíði • viðhald • hönnunarráðgjöf**  
**Skógarkot ehf.** er byggingafyrirtæki sem hefur áralanga reynslu af nýbyggingum, viðhaldi og viðgerðum.

Ivar Örn Þrastarson, sími 6967594

## *Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa*





Myndir: Mosfellingur

# Smalamennska

Árið 2007 gaf Sögfélag Kjarnesping út bókina *Mosalyng* sem hefur að geyma þjóðsögur úr Mosfellssveit. Þar er að finna eftirfarandi frásögn sem byggð er á frásögn Guðmundar Skarphéðinssonar á Minna-Mosfelli: „Kjartan [Magnússon] á Hraðastöðum og Ingimundur

[Ámundason] á Hrísbrú voru í annari rétt að koma, á striðsárunum, úr

Kjósarrétt með eitthvað af kindum.

Þegar þeir komu svona dálitið inn fyrir Möðruvelli að þá grípur Kjartan einhverskonar vanlíðan og máttleysi og það var nú venjan alltaf að áa áður farið var skarðið á flót fyrir neðan Kjínaskarðið og stoppa þar.

Það var nú stoppað þar og Kjartan var alveg miður sín fyrir máttleysi og ómögulegur og Ingimundur vildi nú snúa við og flytja hann niður að Möðruvöllum, en hann vildi það ekki og hann var svo máttlaus að hann bað Ingimund að hjálpa sér á bak, hann gæti setið á hestinum og dólað á eftir kindunum upp götuslóðann.

Svo skeður það að þetta gengur allt upp og þeir komust upp á háskarð, þá mæta þeir flokk af hermönnum. Þeir eru það leita að þýskri flugvél sem þeir sögðu að hefði verið skotin niður og hún hefði farist þar einhvers staðar í nágrenninu. En þeir Kjartan og Ingimundur höfðu ekkert orðið varir við hana neitt og vissu ekkert um þetta. En

flugvélin hún var þarna í dalsskoru vestur úr Svínaskarðinu þarna skammt frá. Um leið og þeir eru búnir að hitta þessa menn, þá er Kjartan heill bata. Hann setti þetta í samband við það að þeir hefðu sótt svo að sér þessir dánú



Frá Svínaskarði.



þverholti 2, Kjarna



ÍSFUGL

Reykjavegur 36 Mosfellsbær  
Sími 5666103—Fax 5666762

# **Veiditöl ur frá Guðna**

Hér koma veiðitolur ársins 2009 fyrir Mosfellsbæ, samkvæmt upplýsingum frá Guðna Bjarnasyni skyttu á Hraðastöðum: Guðni vann fjögur greni með átta fullorðnum dýrum og 16 yrölingum. Grenin voru í Mosfelli, við austanvert Leirvogsvatn, við Moldbrekkur og svonefnt Bollagreni vestan við Borgarhóla á Mosfellsheiði. 45 minkar lágu í valnum fyrir Guðna,



**GNÁ ehf.** Viðhald og sprautun innréttингa. Garðar Hreinsson, sími 8947200



Vinnustofa Þóru á Hvírflí er opin ettr samkomulagi, s. 566-7098 og 8200321.

**Ferðaþjónustan  
og bókaútgáfan**  
**FRÁ HVIRFLI TIL ILJA**  
Sími: 566-7098, 820-0320  
Netfang: [bjabja@ismennt.is](mailto:bjabja@ismennt.is)  
Bjarki Bjarnason

**Dýralæknirinn Mosfellsbæ**

Þverholti 2, Kjarna  
Símar: 566-5066 6600-633

**Mosblikk ehf**

Hestakerrur sími 894-1236

**Bifreiðaverkstæði  
Guðvarðar og Kjartans**  
Sími 566-6257

**REYKJABÚÐ**

Reykjum • 270 Mosfellsbæ • Sími 566-6800



## Guðrún Elísabet Þórðardóttir Viðihóli

Fædd 7. ágúst 1915,  
dáin 3. desember 2009



Guðrún Elísabet ólst upp í Borgarnesi og að loknu barnaskólanámi var hún einn vetur í Alþýðuskólanum á Hvítárbakka. Hún fékkst lengi við verslunarstörf í Reykjavík en síðar starfaði hún á Þjóðskjalasafni Íslands. Árið 1939 giftist Guðrún Árna Magnússyni (1912–1989) frá Mosfelli sem starfaði sem verkstjóri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þau eignuðust tvö börn, Þórdís og Þóró.

Guðrún og Árni bjuggu í Reykjavík til 1973 en fluttu þá að Viðihóli í Mosfellsdal þar sem þau höfðu byggt sér sumarbústað löngu fyrr. Eftir að Árni féll frá bjó Guðrún ein í Viðihóli um skeið en flutti síðan aftur til Reykjavíkur. Síðustu fimm árin átti hún heimili sitt á Droplaugarstöðum.

Í minningargrein um Guðrúnú ritaði Steinunn K. Þorvaldsdóttir: „Guðrún er eftirminnileg kona. Á henni var hefðarbragur enda var hún glæsileg, skörp, vel máli farin og fróð um menn og

málefni. Hún hafði ákveðnar skoðanir, sérstaklega á íslensku málfari og var afar ósátt við ýmsar ambögur og rökleysur sem náðu að festast í sessi í nútímatungutaki. Rökstuðningurinn var slíkur að maður var umsvifalaust á hennar bandi og enn þann dag í dag sé ég svipinn á henni þegar ég heyri málleysurnar sem hún lagðist gegn.

Hún hafði næmt tóneyra, spilaði á pianó og kunní ógrynnin öll af ljóðum. Ömmustelpurnar voru ekki háar í loftinu þegar þær lærðu fyrstu vísuna um bónðann sem situr á bæjarstétt og gátu farið með *Gilsbakkapulu*. Það var mjög vinsælt að vera hjá ömmu og afa í sveitinni enda dekrað við þær. Eftirlætið fölst þó ekki í tilslökun og óhófi heldur ómetanlegri alúð, fræðslu og umhyggju. Árni afi brosmildur og hlýr, amma Guðrún að grúska í einhverju, fara með vísur og sjá til þess að stelpurnar færu sér ekki að voða. Ilmurinn af bestu pönnukökum í heimi fylgir þessari

### Gandur ehf.

Öll almenn  
járnsmíði og  
vélaviðgerðir

Sími 6968523



EIGNAMIÐLUN  
Mosfellsbæ

**Sími 5868080**

### Íslandsgröfur ehf.

Leitið ekki langt  
yfir skammt!  
Grafan er í  
Dalnum!  
**Sími 896 8916**



## Svava Elíasdóttir Víðigerði

Fædd 20. janúar 1922,  
dán 11. desember 2009



Svava sleit barnsskónum í Flóanum en fluttist í Mosfellssveit árið 1943 og bjó fyrst á Laugabóli í Mosfellsdal og síðan á Æsustöðum. Hún og eiginmaður hennar, Indriði Gunnlaugsson (1915–1972), byggðu hús skammt frá Suðurá, fluttu bangað árið 1949 og nefndu það Víðigerði. Þau eignuðust fimm börn sem eru: Hrefna, Ásgeir, Bjarni, Jens og Guðrún.

Svava var heimavinnandi húsmóðir þar til Indriði felli frá en tók þá að starfa utan heimilis, lengst á Reykjalandi.

Sambýlismaður hennar frá árinu 1993 var Sigtryggur Þorsteinsson, fæddur árið 1929.

Svava Björk Ásgeirsdóttir ritaði um ömmu sína í minningargrein sem birtist í *Morgunblaðinu* hinn 29. desember sl: „Nú er elskuleg amma Svava fallin frá og það eru ófáar minningarnar sem fljúga um hugann þegar ég sit hér í eldhúsinu í Víðigerði. Amma Svava var einstaklega hlý og góð kona. Hún var glaðlynd og alltaf var stutt í glettinn hláturinn og fallega brosið hennar. Hún var afar vandvirk í því sem hún tók sér fyrir hendur og handavinnu sinnti hún öll sín ár og var alltaf gott að fá mjúkan pakka á jólunum frá ömmu ...“

Faðir minn, Ásgeir, var lengi með kjúklinga í Víðigerði og það voru tiðar ferðirnar upp í dal að sinna þeim og alltaf var gott að kikja í búrið hjá ömmu og fá kex eða kleinu. Amma kenndi mér að steikja kleinur hér í Víðigerði og það voru

bestu kleinurnar sem til voru sem amma bakaði. Hún tók alltaf vel á móti gestum og átti alltaf eitthvað gott með kaffinu.

Mikið sport var það að fá að labba út á veg með ömmu og sækja *Morgunblaðið* í rútuskýlið. Þá setti amma gaddana undir stíglínunum, ef það var mikil hálka, og svo leiddumst við saman þessa leið sem virtist svo löng í þá daga.

Amma var lengi ekkja og bjó ein eftir að börnin voru flogin úr hreiðrinu en svo kynntist hún Didda sínum á dansleik eitt árið. Ég man hvað mér þótti það æðislegt að amma mín ætti kærasta. Þau áttu vel saman og þeim leið vel hérna í Víðigerði og dunduðu sér við hitt og þetta, aðallega þó prjónaskap og að sinna kindunum sem voru einstaklega fallegar og gæfar, enda vel hugsað um þær ...

Við Krissi erum stolt af því að búa í bragganum hennar ömmu hér í Víðigerði og gerum okkar besta til að sinna staðnum eins vel og við getum.“



Dalsgarður

– við gerum rósir

**Blómasala alla daga**

**kl. 9.00-13.00**

**Dalsgarði Mosfellsdal**

**Sími/tel: +3545667490**



**Kristinn Már  
Hafsteinsson  
frá Tjaldanesi**  
**Fæddur 20. desember 1953,  
dáinn 20. nóvember, 2009**



Foreldrar Kristins Más voru Hafsteinn Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og Lára Árnadóttir kennari. Árið 1965 flutti Kristinn á nýstofnað drengjaheimili í Tjaldanesi og bjó þar í tæp 40 ár eða þar til það var lagt niður. Síðustu árin bjó Kristinn á sambýlum í Mosfellsbæ. Hann starfaði lengi á vinnustofunni Tjaldur í Mosfellsdal og síðan á Hæfingarstöðinni í Kópavogi.

Í minningargrein um Kristín Má, sem birtist í *Morgunblaðinu*, ritaði Ragnheiður Erla Bjarnadóttir: „Á vegferð okkar kynnumst við mörgum eftirminnilegum einstaklingum, sem ávallt munu snerta okkur á einhvern hátt. Kristinn Már, Kiddi, var einn þeirra, sem einkenndi vegferð mína, að vísu meir í æsku en síðari árin ...“

Smátt og smátt lærðist það að Kiddi væri öðruvísi – ekkert annað, hann var bara Kiddi og þannig var hann í barnahópnum. Ekki man ég til þess að neitt veður hafi verið gert út af því ...

Svo kom hins vegar að því að Kiddi fór að heiman. Fjólskylda hans stóð að stofnun Tjaldanesheimilisins í Mosfellsbæ og fluttist hann bangað um miðjan sjöunda áratuginn. Fór þá samvistunum fækkandi, þótt við hittum hann oft, þegar hann var í helgarleyfi hjá mömmu sinni. Á vegum Tjaldanesheimilisins var styrktarfélag vina og velunnara og fór svo að vinkona míni og ég urðum fyrstu aðilarnir, sem styrktu heimilið með peningagjöf. Svo sterka nærveru hafði Kiddi í huga mér

að ég gat ekki hugsað mér að styrkja nokkurn nema hann og vini hans.

Svo liðu árin og fennti í sporin. Tilveran varð erfiðari og lífsbaráttan harðari. Þannig fer oftast nær. Kiddi kallaði mig frænku sína, þegar hann vildi segja vinum sínum frá því hver ég væri. Nú kveð ég hann og þakka honum fyrir, að hann skyldi vilja vera frændi minn.“

## ÁK verktakar

eru fluttir í Mosfellsbæ!

Pípulagningabjónusta  
Breytingar—viðhald—viðgerðir  
Fljót og góð þjónusta

Kristinn Ingvarsson,  
pípulagningamaður,  
Sími 8994677  
astasigvalda@simnet.is



**Vindhóll.is**

## Reiðskólinn Vindhóll

Reiðnámskeið verða í sumar í Vindhóli kl. 9—16.  
Heitur matur í hádeginu.  
Kynnið ykkur námskeiðin

*Upplýsingar gefur Anna Bára,  
sími 861 4186.*



## Steinþór Edvardsson frá Tjaldanesi



Fæddur 20. desember 1957,  
dáinn 26. september 2009

Steinþór fæddist á Laufásvegi 9 í Reykjavík 20. desember 1957. Hann var því á 52. aldursári er hann lést. Foreldrar hans eru þau Edvard Oliversson og Ósk Skarphéðinsdóttir. Hann var næstelstur fjögurra systkina. Elst er Hólmfríður en yngri eru þau Oliver og Edda.

Steinþór fæddist með sjúkdóm sem nefnist downsheilkenni. Það markaði framtíðarspor hans og hamlaði því að hann næði fullum þroska. Hann naut því lífsins á annan hátt en við hin sem höfum ekki þurft að takast á við sömu sjúkdómsraunir og hann.

En hann hafði líka margt fram yfir þá sem teljast heilbrigðir á mælikvarða læknavísindanna. Hann var sjálfum sér samkvæmur og einlægur í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur, ljúflyndur og glaður en þó ákveðinn, ef því var að skipta, og mikill vinur vina sinna. Hann kunni að gleðjast yfir litlu og þakka fyrir það sem honum var gert til góðs.

Skólaganga Steinþórs var með öðrum hætti en hjá flestum jafnöldrum hans. Hann var í dagskóla í Lyngási í Safamýri frá fimm ára alðri fram á fermingarár sitt. Hann fluttist síðan í Tjaldanes í Mosfellsdal árið 1971 og átti þar heima í 33 ár. Þar starfaði hann um árabil á vernduðum vinnustað. Árið 2004 eignaðist hann nýtt heimili á sambíli fyrir þroskahæfta á Kletthrauni 17 í Hafnarfirði og dvaldist hann þar til æviloða. Hann átti einnig alltaf sitt örugga og hlýja skjól hjá fjölskyldu sinni

í Áltamýrinni. Þar dvaldist hann aðra hverja helgi að jafnaði, á stórhátiðum, auk sumarleyfa.

Hann var jákvæður og félagslyndur og talaði aldrei illa um aðra. Þar gæti margur lært af honum góðan sið. Hann var vinamargur og sérlega mannglöggur. Hann var mikil snyrtimenni; hafði ákveðnar skoðanir á því hvernig hann vildi vera klæddur og klipptur og hann var alltaf að þurrka af í kringum sig. Blíðlyndur var hann en það var stutt í stríðnispúkann í honum.

Steinþór hafði áhuga á músík og íþróttum. Sjálfur hafði hann gaman af því að semja sín eigin lög á hljómborð og munnhörpu – og á árum áður tók hann mikinn þátt í íþróttakappleikjum.

Steinþór lést á heimili sínu, Kletta-hrauni 17, rétt fyrir miðnætti 26. september s.l., eftir erfið veikindi.

Eðvarð Ingólfsson.

### Ágætu lesendur Dalalæðunnar

Árlega sendir stjórn Víghóls gíróseðla inn á öll heimili í Mosfellsdal, að upphæð 1.500 krónur. Þar er um að ræða árgjald félagsins og styrk fyrir Dalalæðuna. Í fyrra brugðust menn fljótt og vel við og er það þakkað. Dalbúar eru hvattir til að greiða gíróseðlinn eða leggja upphæðina inn á reikning félagsins sem er 0315-13-700185. Kennitala Víghóls er 641198-2779.

Frjáls framlög brottfluttra Dalbúa eru einnig vel þegin!

Með bestu kveðjum,  
Rafn Jónsson, formaður Víghóls.  
Þóra Bjarnadóttir, gjaldkeri.  
Garðar Hreinsson, ritari.

# Annáll ársins 2009



Göngur og réttir fóru vel fram að vanda og mátti ekki á milli sjá hvort var fleira fé eða fólk í Hraðastaðarétt. Þangað voru meira að segja mættir kokkar sem völdu kjöt sitt á fæti!



## Fundur með starfsmönnum

### Vegagerðarinnar

I mai í fyrra fóru tveir stjórnarmanna Víghóls til fundar með fulltrúum Vegagerðarinnar ásamt bæjarstóra og bæjarverkfræðingi Mosfellsbæjar, þar sem fundarefnið var Þingvallavegurinn og hætturnar sem honum fylgja.

Fundurinn var góður og lofuð Vegagerðarmenn að mæla umferðarþunga og umferðarhraða í sumar, auk þess sem þeir félust á nauðsyn þess að sett yrði upp vegrið uppi á Ásum og hugað að undirgöngum á móts við Laxnes fyrir hestamenn. Fulltrúar Vegagerðarinnar munu væntanlega heimsækja Dalbúa á aðalfundi Víghóls 15. febrúar.

### Aðalfundur

Stjórn Víghóls ákvað í haust að fresta aðalfundi fram í febrúar 2010 og leggja til að lögum félagsins verði breytt, svo fundarhöld í febrúar verði lögleg!

Fundurinn er auglýstur í þessu blaði og

eru Dalbúar hvattir til að fjölmenna.

### Hlutverk Víghóls

Nokkrar umræður urðu í fyrra um hlutverk Víghóls, hvort það væri hreint hagsmunafélag eða skemmtifélag eða sitt lítið af hvoru. Gaman verður að heyra álit félaga á aðalfundinum.

### Áramótavarðeldur og þorrablót

Áramótin voru haldin með hefðbundnum hætti og menn skemmtu séri við áramótaeldinn í Dalnum. Tilvera bessa varðelds er í uppnámi, því yfirvöld hafa gert alvarlegar athugasemdir við eldinn og staðsetningu hans. Vonandi finnum við lausn á þessu fyrir næstu áramót. Þorrablótið fór einnig vel fram og var fjölmenni. Vonandi að jafnmargir sjáí sér fært að mæta á þorrablótið nú um helgina. Öllum sem komu nálægt þessu skemmtunum eru færðar góðar þakkir.

**Sjáumst á þorrablótinu!**  
Rafn Jónsson, formaður Víghóls